

Byrjendalæsi

Lokaskýrsla til sprotasjóðs 2011



Hraunvallaskóli

Nafn verkefnisins:

Byrjendalæsi

Nafn verkefnisstjóra:

vetur 2009 - 2010 Ágústa Bárðardóttir

nóv. 2010 - apr.2011 Helga Guðrún Guðjónsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Að efla læsi og lestrarkennslu í Hraunvallaskóla.


Markmið með lestrarkennslu er að nemandinn öðlist þá færni sem hann þarfnast til að lesa, skilja og njóta innihalds texta og læra af honum. Til að geta þetta þarf nemandinn að hafa almenna færni í málskilningi, en meiri líkur eru á því að ná góðum árangri í lestri hjá börnum sem hafa mikinn orðaforða og ríkulegt mál. Lestur, ritun og mál mynda þannig eina heild og þurfa að vera samtvinnaðir þættir í lestrarnáminu. Lestrarnámið á að vera skemmtilegt og veita tækifæri til samskipta og skapandi hugsunar. Það er því markmið Hraunvallaskóla að vinna að lestrarkennslu barna eftir heildstæðum áætlunum sem ná til hinna margvíslegu þátta lestrar- og ritunarnáms.

Hraunvallaskóli er opinn skóli þar sem áhersla er á einstaklingsmiðun í kennslu, fjölbreytta kennsluhætti, teymisvinnu kennara og samvinnu nemenda. Teljum við því mikilvægt að sú áætlun sem lestrarkennsla skólans byggir á miði að fjölbreyttum verkefnum, samvinnu og félagastuðningi þar sem nemendur nýta sér sömu námstækifærin þó þeir vinni að mismunandi markmiðum. Hugmyndafræði Byrjendalæsis fellur vel að fyrrnefndum þáttum sem Hraunvallaskóli vill leggja áherslu á.

Byrjendalæsi er lestrarkennsluaðferð sem hentar vel til að þjálfra alla þætti á einstaklingsgrundvelli. Grunnþættir lestrarferlisins eins og samband stafs og hljóðs eru ekki kenndir í aðskildum verkefnum, heldur er unnið með orðaforða, skilning, tjáningu og sköpun, sjálfstæð vinnubrögð og aðferðir í lesskilningi allt í senn, ásamt beinni vinnu með ritmál. Í kennslunni er áhersla á sýnikennslu og stuðning og stuðlað að því að nemendur verði greinandi og sjálfstæðir lesarar. Kennarar safna upplýsingum um stöðu hvers og eins og sjá á verkum nemenda hvar þá skortir færni. Gæðatexti er notaður í lestrarkennslunni og er sami texti notaður til að vinna með alla þætti ferlisins þar sem unnið er með efnið frá heild til eindar og aftur til heildar. Lykilorð eru valin í textanum og notuð til innlagnar á öllum tæknilegum þáttum lestrarkennslunnar. Byrjendalæsi er skipt í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi les

kennarinn og nemendur kynnast gæðatexta. Á öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lesturs í fjölbreyttum verkefnum og á þriðja þrepi semja nemendur efni á grunni upphaflegs texta. Mikið er lagt upp úr félagastuðningi og vinna nemendur því oft í hópum.

Mynd 1. Prep Byrjendalæsis



Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði


Verkefnið í Hraunvallaskóla hefur verið unnið í samstarfi við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri, en lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi er þróuð á vegum skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur.

Verkefnið var unnið með öllum kennurum og sérkennurum í 1. og 2. bekk. Skólaþróunarsvið veitti leiðsögn og eftirfylgni með vinnu og framkvæmd. Þeir lögðu til námskeið fyrir kennara og leiðtoga að hausti, ráðgjöf fyrir leiðtoga báða veturna og ráðgjöf og gögn fyrir allar námssmiðjur. Ráðgjafi frá Akureyri heimsótti skólann tvisvar yfir veturinn, fylgdist með kennslu og veitti kennurum ráðgjöf.

Verkefnið var unnið í miklu samstarfi við Hvaleyarskóla í Hafnarfirði. Námssmiðjur voru allar haldnar í samvinnu við Hvaleyarskóla, Akurskóla og Mýrarhúsaskóla. Tveir leiðtogar Byrjendalæsis hafa haldið utan um verkefnið í skólanum. Þeir lögðu áherslu á:

- Vettvangsheimsóknir með einstaklingsendurgjöf í kjölfarið: Vettvangsheimsókn felst í að leiðtogar fylgjast með einni kennslustund hjá hverjum kennara/sérkennara í 1. og 2. bekk (alls 11 kennarar) og hitta svo í kjölfarið hvern kennara í einstaklingsviðtali 30 mínútur, þar er farið yfir hvernig kennslustundin gekk, hvað gekk vel og hvort og þá hverju væri gott að breyta). Leiðtogi veitir faglegan og leiðbeinandi stuðning.
- Vettvangsheimsóknir þar sem fundað er með öllum kennurum í árganginum í kjölfarið: Þá situr leiðtogi kennslustund með hverjum kennara í árgangi, hittir þá svo alla saman og farið er yfir stöðuna, hugmyndir ræddar og miðað að því að gera gott starf betra.
- Námssmiðjur fyrir kennara I og II, sem voru alls 10 yfir árið: Hver smiðja er fjórar og hálf klukkustund. Þar er farið yfir ákveðið fræðilegt efni sem ákveðið er af skólaþróunarsviði HA. Á námssmiðjum gefst kennurum einnig tækifæri til að hitta hver annan, skoða verkefni og skiptast á hugmyndum.

Mynd 2



Til að tryggja framgang verkefnisins og stuðla að því að ná settu markmiði var strax að hausti sett upp skipulag Byrjendalæsis veturinn 2009 – 2010 og veturinn 2010 – 2011 í Hraunvallaskóla

Skipulag 2010-2011

Ágúst

- Annar tveggja leiðtoga skólans sótti tveggja daga leiðtoganámskeið
- 7 kennarar sóttu eins dags námskeið fyrir kennara II
- 4 kennarar sóttu tveggja daga námskeið fyrir kennara I

September

- Leiðtogar fóru á eins dags námskeið fyrir leiðtoga (undirbúningur fyrir smiðju).
- Námsmiðja fyrir alla Byrjendalæsis kennara I.
- Ráðgjafi frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri kom í heimsókn

Október

- Vettvangsheimsókn með einstaklingsfundi til allra kennara í 1. og 2. bekk.
- Námsmiðja fyrir alla byrjendalæsis kennara II.
- Ráðgjafi frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri kemur í heimsókn
- Leiðtogar fóru á eins dags námskeið fyrir leiðtoga (undirbúningur fyrir smiðju).

Nóvember

- Námsmiðja fyrir alla kennara I
- Námsmiðja fyrir alla kennara II
- Vettvangsheimsókn með hópfundi til allra kennara í 2 og 3. bekk
- Læsissskimun lögð fyrir alla nemendur í 1. og 2. bekk.
- Leiðtogar skiluðu niðurstöðum læsissskimunar til ráðgjafa í HA.

Desember

- Vettvangsheimsókn með einstaklingsfundi til allra kennara í 1. og 2. bekk.
- Leiðtogar skiluðu skýrslu til ráðgjafa frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.
- Leiðtogar áttu símafundi með ráðgjafa frá HA.

Janúar

- Vettvangsheimsókn með hópfundi til allra kennara í 2 og 3. bekk
- Leiðtogar skiluðu skýrslu til ráðgjafa frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.
- Leiðtogar áttu símafundi með ráðgjafa frá HA.
- Leiðtogar fóru á eins dags námskeið fyrir leiðtoga (undirbúningur fyrir smiðju).

Febrúar

- Námsmiðja fyrir alla kennara I
- Námsmiðja fyrir alla kennara II
- Vettvangsheimsókn með einstaklingsfundum til allra kennara í 1. og 2. bekk
- Leiðtogi skilar skýrslu til ráðgjafa frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.
- Ráðgjafi frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri kemur í heimsókn

- Læsissskimun lögð fyrir alla nemendur í 1. og 2. bekk.
- Leiðtogi skilar niðurstöðum læsissskimunar til ráðgjafa í HA.
- Leiðtogi fór á eins dags námskeið fyrir leiðtoga (undirbúningur fyrir smiðju).

Mars

- Leiðtogi hittir alla kennara í 1. og 2. bekk þar sem farið er yfir niðurstöður læsissskimana og lögð drög að áframhaldandi kennslu og stuðningi í ljósi þeirra.
- Námsmiðja fyrir alla kennara I og II.
- Vettvangsheimsókn til allra kennara, með hópfunði í kjölfarið.
- Leiðtogi skilar skýrslu til ráðgjafa frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.
- Leiðtogi á símafund með ráðgjafa frá HA.

Apríl

- Læsissskimun lögð fyrir í 1. bekk og leiðsagnarmat í 2. bekk.

Mai

- Leiðtogi skilar niðurstöðum læsissskimunar og leiðsagnarmats til ráðgjafa í HA
- Matssmiðja fyrir kennara og sérkennara í 1. og 2. bekk. (þar er starf vetrarins metið).
- Vettvangsheimsókn til allra kennara, með hópfunði í kjölfarið.
- Leiðtogi skilar niðurstöðum matssmiðju til skólaþróunarsviðs HA.

(sjá einnig fylgiskjal)

Frávik miðað við áætlun verkefnisins.

Gott og niðurnjörvað skipulag í upphafi vetrar, ásamt áhugasömum og góðum kennurum, gerði það að verkum að áætlun stóðst og engin verulega frávik urðu á vinnuferlinu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.

Aðferðir Byrjendalæsis gera auknar kröfur á kennara og kalla á mikinn undirbúning m.a. við áætlanagerð og námsgagnagerð, en samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis stjórna hefðbundin námsgögn ekki kennslunni, heldur markmið sett út frá stöðu einstaklings. Auk þess fór þó nokkur tími kennara í fundi með leiðtoga, námskeið og námssmiðjur. Reynslan sýndi okkur að það tekur kennara alveg fyrsta árið að kynnast og setja sig inn í nýja hugmyndafræði og breytt vinnubrögð. Eftir fyrsta árið voru kennarar orðnir þjálfaðri og var það samhljóma mat þeirra að vilja ekki hverfa aftur til fyrri kennsluhátta.



Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Nú þegar hafa 6 kennarar lokið námi sínu í aðferðum Byrjendalæsis og 7 kennarar til viðbótar munu ljúka sínu námi næsta vetur. Einn leiðtogi skólans hefur lokið leiðtoganámi og annar klárar næsta vetur. Kennarar eru orðnir þjálfaðir í aðferðinni og hefur hún fest sig í sessi í tveimur yngstu árgöngum skólans. Næsta vetur mun aðferðinni beitt í 3. bekk, enda þekkinga nemendur þar ekki önnur vinnubrögð. Með aukinni þjálfun kennara byrjuðu þeir að samþætta íslenskukennsluna við samfélagsfræði og hefur það gefið góða raun. Kennara eru sammála um að þetta verkefni hafi aukið starfsánægju þeirra og starfsþróun. Þeir segja þessa auknu áherslu á gæðatexta, tjáningu og skapandi vinnu vera áhugaverða og fjölbreytta, hún skili glaðari nemendum og mæti einstaklingsþörfum betur en áður. Skólinn býr í dag að góðum kennurum sem sinna vel tæknilegum þáttum lesturs um leið og þeir nota aðra þætti málheildaraðferða. Þeir búa yfir aukinni þekkingu á barnabókmenntum og breytilegri kennsluleikni. Verkefnið hefur leitt til aukins samstarfs við aðra Byrjendalæsis skóla, þá helst Hvaleyrarskóla og hefur það víkkað sjóndeildarhring okkar og styrkt starf okkar í alla staði.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn



Markmið Hraunvallaskóla með verkefninu var að bæta árangur og efla lestrarfærni nemenda sinna. Lesskimunarpróf læsis hafa verið tekin hjá 1. bekk þrisvar yfir veturinn, þ.e. í nóvember, febrúar og apríl. Í 2. bekk voru tekin tvö læsis skimunarpróf í nóvember og febrúar, en í apríl var tekið skimunarprófið „Lesmál“. Niðurstöður þessara prófa hafa m.a. verið þau gögn sem við höfum stuðst við til að fylgjast með árangri nemenda. Niðurstöður hafa einnig verið sendar til skólaþróunarsviðs HA þar sem þær hafa verið bornar saman við niðurstöður á árangri annarra Byrjendalæsis skóla. Samkvæmt viðmiðum fyrir lesskimunarpróf læsis þykir gott að nemandi nái yfir 60% árangri í prófinu.

Mynd 3 sýnir niðurstöður á árangri hjá 1. bekk í nóvember og apríl, annars vegar í Hraunvallaskóla og hins vegar í öllum öðrum Byrjendalæsis skólum.



Niðurstöður fyrir 1. bekk 2010-2011 frá nóvember til apríl sýna að 55% nemenda ná yfir 60% árangri í nóvember 2010, en 74% ná þeim árangri í apríl 2011. Jafnframt sýna niðurstöður í apríl bætta árangur Hraunvallaskóla miðað við aðra Byrjendalæsissskóla hjá 1. bekk.

Mynd 4 sýnir niðurstöður á árangri hjá 2. bekk í nóvember og apríl, annars vegar í Hraunvallaskóla og hins vegar í öllum öðrum Byrjendalæsissskólum.



Niðurstöður fyrir 2. bekk 2010-2011 frá nóvember til apríl sýna að 55% nemenda ná yfir 60% árangri í nóvember 2010, en 63% ná þeim árangri í apríl 2011. Í nóvember eru 21% nemenda undir 30% árangri en 7% nemenda í apríl. Hraunvallaskóli er 10% undir öllum öðrum Byrjendalæsissskólum í nóvember og einnig í apríl.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir foreldrum yngstu barnanna á skólafræðinámsskeiðum á haustin. Jafnframt hefur það verið kynnt í fréttabréfi skólans sem fer inn á heimili allra nemenda skólans. Framvinda verkefnisins og árangur hefur verið kynnt fyrir starfsfólki skólans á starfsmannafundum.

Hraunvallaskóli Hafnarfirði

28. júní 2011.